


Um sjóðinn

Markmið Landsbréfa - Öndvegisbréfa er að ná góðri ávöxtun og dreifingu verðbréfaeignar með því að fjárfesta aðallega í hlutabréfum íslenskra fyrirtækja sem skráð eru í kauphöllina Nasdaq Iceland og á hlíðarmarkaðnum First North. Sjóðurinn fjárfestir einnig í óskráðum íslenskum hlutabréfum, að hámarki 40% af eignum sjóðsins, og í öðrum hlutabréfasjóðum, þ.á.m. fagfjárfestastjóðum. Heimild er til fjárfestinga í afleiðum og innlánum hjá fjármálafrýrtækjum

Kaup í sjóðnum er langtímafjárfesting þar sem búast má við umtalsverðum sveiflum í ávöxtun sjóðsins til skemmri tíma. Allar frekari upplýsingar um sjóðinn má nálgast í lykilupplýsingum og útboðslýsingu hans sem finna má á vefsíðu Landsbréfa www.landsbref.is


Eignasamsetning

Flokkur	Staða	Lágmark	Hámark	Eignaskipting
Hlutabréf skráð á Nasdaq og First North	75,6%	50%	100%	
Óskráð íslensk hlutabréf	10,2%	0%	40%	
Hlutdeildarskírteini í fagfjárfestastjóðum	6,9%	0%	20%	
Íslensk hlutabréf skráð erlendis	1,2%	0%	50%	
Hlutabréfasjóðir - verðbréfasj.	3,2%	0%	20%	
Innlán	3,0%	0%	30%	
Reiðufé	-0,5%	0%	10%	
Önnur verðbréf	0,0%	0%	10%	
Hlutabréfasjóðir - fjárfestingarsj.	0,0%	0%	20%	
Afleiður	0,8%	0%	20%	

Stærstu eignir


Marel hf.	10,5%
Kvika banki hf.	7,3%
Reitir fasteignafélag hf.	7,2%
Hekla fagfjárfestastjóður	6,9%
Reginn hf.	6,3%
Icelandair Group hf.	6,1%
Festi hf.	5,6%
Hagar hf.	5,1%
Sjóvá Almennar tryggingar hf.	5,0%
Arion banki hf.	4,4%

Atvinnugreinaskipting



Árangur sjóðsins

Gengisþróun



Nafnávöxtun

Frá áramótum	18,61%
1 ár	18,61%
2 ár*	16,19%
3 ár*	10,41%
4 ár*	4,64%
5 ár*	2,16%

*Meðaltal nafnávöxtunar á ársgrundvelli

Áhætta

Markaðsáhætta er sú áhætta sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni. Undir markaðsáhattu falla gengis-, og vaxtaáhætta sem felast í því að gengi verðbréfa og breytingar á markaðsvöxtum getur sveiflast með ófyrirsjáanlegum hætti og þannig haft áhrif á ávöxtun í sjóðnum.

Áhætta tengd smæð markaðar er til staðar í sjóðnum. Viðskipti með verðbréf á íslenskum verðbréfamarkaði eru oft fá og því getur verðmyndun verið ógagnsæ.

Lausfjáráhætta er til staðar í sjóðnum þar sem sú staða gæti komið upp að eign seljist ekki tímanlega á ásættanlegu verði.

Uppgjörsáhætta er til staðar í sjóðnum ef mótaðili greiðir ekki eða afhendir á réttum tíma.

Vörsluáhætta er til staðar í sjóðnum þar sem eignir í vörslu geta tapast vegna vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila.

Áhætta vegna notkunar á afleiðum er til staðar í sjóðnum.

Frekari upplýsingar um áhættu í sjóðnum má finna í útboðslýsingu hans

Almennar upplýsingar

Kennitala:	431212-9430
Stofndagur:	22.12.12
Grunnmynt:	ISK
Rekstrarfélag	Landsbréf hf.
Vörslufélag:	Landsbankinn hf.
Söluaðilar:	Landsbankinn hf.
Sjóðsform:	Fjárfestingarsjóður (Non-UCITS)
Umsýsluþóknun:	1,75%
Bloomberg auðkenni:	LABRPEF IR
LEI númer:	549300SHHB0NO1AKOH88
Sjóðstjórar:	Egill Darri Brynjólfsson Halldór Kristinsson
Framkv.stj. Landsbréfa hf.:	Helgi Þór Arason

Viðskiptapantanir

Afgreiðslutími:	09:30 - 14:30
Lágmarkskaup:	5.000 kr.
Afgreiðslugjald:	450 kr.
Afgreiðslugjald í áskrift:	100 kr.
Gjald við kaup:	2,0%
Gjald við kaup í áskrift:	Ekkert
Áskriftarmöguleiki:	Já
Uppgjörstími:	2 bankadagar

Tölulegar upplýsingar

Hrein eign í milljónum ISK:	4.042,6
Gengi sjóðsins:	24,30
Áhættumælikvarði*	6/7

*Áhættukvarði er mælikvarði á sveiflur í verðmæti eigna sjóðsins. Kvarðinn byggir á mælingum á vikulegum verðsvæiflum síðustu 5 ára. Því hærrí sem sjóður mælist á kvarðanum, því meiri sveiflur hafa verið í verðmæti eigna hans. Lægsta áhættuflokkunin merkir ekki „áhættulaus“. Áhættuflokkunin er ekki tryggð og gæti breyst.

Hafðu samband

Verðbréfa- og lífeyrisþjónusta Landsbankans

Austurstræti 5, 155 Reykjavík

Sími: 410 4040

www.landsbankinn.is

www.landsbref.is

Skattalegar upplýsingar

Tekjur af hlutdeildarskírteinum eru skilgreindar sem vaxtatekjur skv. 8. gr. l. nr. 90/2003 um tekjuskatt. Fjármagnstekjuskattur staðgreiðist af hagnaði þegar hlutdeildarskírteini eru innleyst. Skatthlutfall þetta er nú 22%. Nánari upplýsingar um skattamál er að finna á vef Landsbréfa og í útboðslýsingu sjóðsins.

Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður og starfræktur í samræmi við lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Rekstrarfélag sjóðsins er Landsbréf hf. og vörslufyrirtæki er Landsbankinn hf. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á framtíðarárangur. Gengi sjóðsins getur bæði hækkað og lækkað og fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Nánari upplýsingar um sjóðinn og áhættuþætti eru í útboðslýsingu sjóðsins og lykilupplýsingum sem finna má á vefsíðu Landsbréfa www.landsbref.is og eru fjárfestar hvattir til þess að kynna sér þær vel áður en fjárfest er í sjóðnum. Þær upplýsingar sem koma fram í þessu skjali byggja á óendurskoðuðum gögnum úr bókhaldi sjóðsins. Upplýsingarnar eru því birtar með fyrirvara um réttmæti þeirra.